

Reglugerð um kjör Íþróttamanns Hrunamannahrepps

1.gr

Þriggja manna nefnd skipuð af sveitarstjórn Hrunamannahrepps skal standa að kjöri og útnefningu Íþróttamanns Hrunamannahrepps í janúar mánuði ár hvert. Nefndin skal skipuð fulltrúa sveitarstjórnar, fulltrúa UMFH og fulltrúa íþróttakennara í Flúðaskóla

2.gr

Íþróttamaður Hrunamannahrepps getur verið karl eða kona. Hlýtur viðkomandi aðili farandgrip sem varðveita skal á viðeigandi stað í stofnun sveitarfélagsins. Þá fær íþróttamaður Hrunamannahrepps sérstakan grip til eignar.

3.gr

Hlutgengir eru allir íþróttamenn sem búsettir eru í Hrunamannahreppi.

4.gr

Heimilt er hverju félagi, sem er aðili innan ÍSÍ, eða einstaka deildum innan þess að senda eina tilnefningu um íþróttamann. Tilnefningar sem aðilar vilja koma á framfæri ásamt greinargerð skal skila til nefndarinnar.

5.gr

Nefndin hefur heimild til að tilnefna íþróttamenn sem búsettir eru í Hrunamannahreppi en stunda íþrótt sína utan hreppamarkanna. Allar tillögur skulu rökstuddar.

6.gr

Viðurkenningu fyrir sæmdarheitið Íþróttamaður Hrunamannahrepps skal afhenda 17. júní ár hvert.

7.gr

Þeir íþróttamenn í Hrunamannahreppi sem unnið hafa Íslandsmeistaratitil á árinu skulu heiðraðir sérstaklega. Einnig skal heiðra þá einstaklinga í Hrunamannahreppi sem valdir hafa verið í landslið fyrir hönd sinnar þjóðar.

8.gr

Reglugerð þessi tekur gildi við samþykkt sveitarstjórnar Hrunamannahrepps og fellur þá eldri reglugerð úr gildi.

Hrunamannahreppi, 4. desember 2014

Greinargerð og vinnureglur með reglugerð um kjör íþróttamanns Hrunamannahrepps.

Markmið með kjöri íþróttamanns Hrunamannahrepps er að verðlauna þá einstaklinga sem búa í Hrunamannahreppi eða lið sem keppa í nafni félaga í Hrunamannahreppi fyrir góðan árangur á viðkomandi ári. Hvatinn er að fleiri einstaklingar eða lið taki þátt í íþróttastarfssemi sem vonandi leiðir til meiri þátttöku og sé einnig liður í heilsuefningu samfélagsins. Tilgangurinn er að skapa jákvæðar fyrirmyndir.

Gert er ráð fyrir að aðeins einn einstaklingur, karl eða kona, hljóti titilinn. Ekki er gert ráð fyrir að veitt séu verðlaun fyrir hvort kyn fyrir sig en hugsanlega má skoða það seinna þegar meiri reynsla er komin á þessa framkvæmd og þá sést hvort það verði kynjahalli á verðlaunahöfum.

Eingöngu einstaklingar sem búa, þ.e. eiga lögheimili, í Hrunamannahreppi eiga kost á að hljóta heiðursnafnbótina Íþróttamaður Hrunamannahrepps. Einstaklingur sem býr í öðru sveitarfélagi en keppir fyrir lið eða félag í Hrunamannahreppi er ekki gjaldgengur. Ástæðan er sú að það á að hvetja og verðlauna íbúa Hrunamannahrepps til góðra verka.

Þá er einnig lagt til að þeir íþróttamenn sem verði íslandsmeistarar á árinu eða séu valin í landslið verði heiðraðir. Nokkur flækjufótur getur orðið á þessu þar sem einstaklingur sem býr í Hrunamannahreppi getur orðið íslandsmeistari í félagi sem er staðsett í öðru sveitarfélagi og einnig eru einstaklingar sem keppa fyrir félög sem eru í Hrunamannahreppi sjálfir búsettir annars staðar. Mögulega getur þetta valdið vandamáli en lagt er til að sú vinnuregla verði notuð að einstaklingar sem búa í Hrunamannahreppi og verða íslandsmeistarar í einstaklingsgreinum fái einstaklingsverðlaun. Sama eigi við um einstaklinga sem búa í Hrunamannahreppi og keppa fyrir lið í öðrum sveitarfélögum. Ef hins vegar lið sem á heimilisfesti í Hrunamannahreppi verður íslandsmeistari verði liðið heiðrað með einnri viðurkenningu og öllu liðinu gefin kostur á að mæta, hvort sem þeir eru búsettir í Hrunamannahreppi eða ekki. Þá fær einstaklingur sem verður íslandsmeistari í fleiri en einni grein eða verður margfaldur íslandsmeistari í sömu grein aðeins eina viðurkenningu.

Lagt er einnig til að þeir einstaklingar sem valdir eru í landslið verði heiðraðir sérstaklega. Ekki er einskorðað að þeir þurfi að keppa fyrir Íslands hönd, heldur eingöngu að þeir séu búsettir í Hrunamannahreppi. Ef viðkomandi einstaklingur verður líka Íslandsmeistari jafnhliða því að vera valinn í landslið þá er honum eingöngu veitt ein viðurkenning en geta skal hvoru tveggja á verðlaunagripnum.

Hrunamannahreppi, 4. desember 2014